

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 15. mars 2021

Mál nr. E-309/2020:

A

(Einar Gautur Steingrímsson lögmaður)

gegn

Verði tryggingum hf.

(Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. mars sl., höfðar A fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, á hendur Verði tryggingum, Borgartúni 25, Reykjavík, með stefnu dags. 30. desember 2019.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 3.646.702 kr. með 4,5% vöxtum frá 6.10.2013 til upphafsdags dráttarvaxta. Aðallega er krafist dráttarvaxta, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 10. júní 2018 til greiðsludags. Til vara er krafist lægri fjárhæðar.

Þess er einnig krafist að stefndi greiði stefnanda 4,5% vexti af 1.493.529 kr. frá 6. október 2013 upphafsdags dráttarvaxta, skv. 1. mgr. 6. gr. l. nr. 38/2001. Þess er krafist aðallega að þeir reiknist frá 18. ágúst 2016, en til vara frá síðara tímamarki til greiðsludags. Allt að frádregnum 141.055 kr.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Endanlegar dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst aðallega sýknu af dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður.

Í greinargerð sinni krafðist stefndi þess að málinu yrði vísað frá dómi. Eftir að stefnandi breytti kröfugerð sinni féll stefndi frá þeirri kröfu.

I

Hinn 6. júlí 2013 lenti stefnandi í umferðaróhappi [...]. Í málinu er gerð krafa um frekari greiðslu vegna afleiðinga umferðaróhappsins úr slysatryggingu ökutækisins [...]. Bótaskyldan úr tryggingunni er óumdeild.

Samkvæmt matsgerð þeirra B læknis og C lögfræðings, frá 11. september 2014, var lagt til grundvallar að afleiðingar slyssins væru samfallsbrot í lendarhrygg og áverki í vinstri öxl og var varanlegur miski stefnanda metinn 15 stig, en varanleg örorka 5% og stöðugleikapunktur vegna slyssins talinn vera 6. október 2013.

Hinn 29. janúar 2015 sendi stefnandi bótakröfu þar sem vísað var til þess að stefnandi myndi taka við greiðslu með fyrirvara um viðmiðunarlaun. Þá var áskilinn réttur til þess að gera nýjan útreikning sem og að afla nýrrar matsgerðar án tillits til 11. gr. laga nr. 50/1993. Í bótakröfu stefnanda var miðað við viðmiðunarlaun 3.824.375 kr. Við útreikning á bótarétti stefnanda tók stefndi hins vegar mið af lágmarki skaðabótalaga skv. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, enda tekjur stefnanda síðustu þrjú ár fyrir slys undir lágmarksviðmiði skaðabótalaga. Í kjölfarið greiddi stefnandi bætur hinn 5. febrúar 2015.

Hinn 20. maí 2015 óskaði stefnandi þess að dómkvaddir yrðu matsmenn til að leggja mat á afleiðingar slyssins. Hinn 27. nóvember 2015 voru D bæklunarskurðlæknir og E lögmaður, dómkvaddir til að framkvæma matið og skiluðu þeir matsgerð 6. júlí 2016. Matsmenn töldu að stefnandi hefði hlotið samfallsbrot í lendarhrygg og áverka á vinstri öxl og var niðurstaða mats þeirra sú, að varanlegur miski stefnanda væri óbreyttur frá mati B og C eða 15 stig en varanleg örorka væri 12% og stöðugleikapunktur væri óbreyttur 6. október 2013.

Hinn 11. október 2016 óskaði stefnandi eftir yfirmati og voru dómkvaddir til þess F læknir, G læknir og H lögmaður. Yfirmatsmenn skiluðu niðurstöðu sinni 26. apríl 2018 sem var sú að varanlegur miski stefnanda væri óbreyttur sem og stöðugleikapunktur, en varanleg örorka var metin 20%.

Hinn 9. maí 2018 var stefnda sent kröfubréf á grundvelli yfirmatsgerðar ásamt útreikningi. Miðast vaxtakrafan við að hinn 10. júní 2018 hafi verið liðinn mánuður frá því stefndi fékk þessi gögn í hendur ásamt yfirmati, sbr. 9. gr. l. nr. 38/2001.

Stefndi kveður að við yfirferð hans á yfirmatsgerðinni hafi hann orðið þess áskynja að stefndi hafði ekki fengið afrit af gögnum matsmálsins við meðferð þess heldur sendi stefnandi gögnin eingöngu til yfirmatsmanna. Stefndi gerði athugasemdir við þetta til stefnanda með tölvupósti 24. maí 2018.

Þá taldi stefndi jafnframt að það væri galli á yfirmatinu að niðurstaða um varanlega örorku væri byggð á læknisvottorðum vegna umsóknar um örorkubætur hjá Tryggingastofnun ríkisins og hjá Gildi lífeyrissjóði, sem byggist á öðrum grunni en ákvæðum skaðabótalaga. Þá taldi stefndi að það þyrfti að fá nánari greiningu á tengslum eldri slysa við mat á örorkutapi hjá lífeyrissjóðum. Afla þyrfti sérhæfðs mats þar sem greint væri í sundur að hve miklu leyti örorka hjá lífeyrissjóði væri tilkomin vegna einkenna sem tengdust slysinu hinn 6. júlí 2013, enda bæri að draga hluta örorkulífeyris frá bótum samkvæmt 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga. Slíkt mat félli ekki að mati stefnda undir mat samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga og því ekki í verkahring yfirmatsmanna.

Hinn 12. júní 2018 lýsti stefndi því í tölvupósti að um verulegan galla væri að ræða á yfirmatinu enda hefði stefndi kallað eftir því að yfirmatsmenn fjölluðu ítarlega um þessi gögn og rökstyddu mat sitt út frá þeim. Möguleikar stefnda á því að gæta hagsmuna sinna við matið hefðu því verið skertir verulega og augljós, verulegur galli væri á yfirmatinu. Lögmaður stefnanda svaraði því þannig að hann teldi þetta alvarlega yfirsjón af sinni hálfu og velti því fyrir sér hvort stefndi hygðist krefjast endurupptöku matsins. Stefndi telur hins vegar að það sé ekki í hans verkahring að afla slíkrar sönnunar heldur sé það á ábyrgð stefnanda samkvæmt meginreglu einkamálaréttarfars. Telur stefndi að þar sem yfirmatið sé gallað sé eina tæka sönnunargagnið undirmatið, dags. 6. júlí 2016.

Stefndi óskaði eftir útreikningi á eingreiðsluverðmæti lífeyrissjóðsgreiðslna og lá sá útreikningur fyrir í febrúar 2019. Í mars 2019 gerði stefndi bótatilboð sem miðaði við niðurstöðu undirmats án nokkurs frádráttar vegna lífeyrissjóðsgreiðslna.

Hinn 10. maí 2019 var stefnda sendur tölvupóstur og vakin athygli á því að eldri greiðslur væru vanreiknaðar vegna rangra viðmiðunarlauna. Við þessa afgreiðslu stefnda vill stefnandi ekki una og höfðar því mál þetta.

Á grundvelli matsbeiðni, sem lögð var fram í dóminum undir rekstri málsins fyrir dómi eða hinn 20. maí 2020, var I læknir dómkvaddur til að meta hvenær tímabært hefði verið að meta örorku stefnanda, hvenær stefnandi hefði mátt átta sig á að hann hefði náð þeim bata sem hann gæti reiknað með í skilningi 2. ml. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 50/1993 og í þriðja lagi hvenær mætti ætla að búið væri að afla nauðsynlegra gagna til að hægt væri að hefjast handa við að meta örorku stefnanda. Matsgerðin er frá 8. september 2020. Þar kemur fram að tímabært hefði verið að meta örorku stefnanda í árslok 2015, að um áramótin 2015/2016 hefði stefnanda mátt vera ljóst að ekki væri að vænta frekari bata og að ætla mætti að nauðsynlegri gagnaöflun fyrir örorkumatið hefði átt að vera lokið um mitt ár 2016.

II

Stefnandi kveður ágreiningsefni málsins vera (1) hvort leggja eigi yfirmat eða undirmat til grundvallar bótaákvörðun stefnanda, (2) hvort ákvarða eigi tekjur stefnanda samkvæmt 2. eða 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, (3) hvort krafan sé fyrnd og (4) hver sé upphafstími dráttarvaxta.

Aðalkrafa stefnanda miðast við yfirmat læknanna F, G og H lögmanns, en þeir mátu varanlega örorku stefnanda 20% og hækkuðu hana frá undirmati þar sem hún var metin 12%. Í kröfunni er dregið frá það sem stefndi hefur áður greitt vegna varanlegrar örorku en vaxtamunar krafist undir sérstökum lið. Stefnandi heldur því fram að hvorki séu þeir ágallar á framkvæmd yfirmatsins sem valda eigi ógildi né að ætlaðir ágallar veiki hana eða hnekki.

Þá hafnar stefnandi þeirri málsástæðu stefnda sem byggist á því að yfirmatið sé ekki innlegg inn í málið vegna ætlaðra galla á framkvæmd þess þar sem stefndi hafi ekki fengið öll gögn sem stefnandi afhenti matsmönnum. Stefnandi heldur því fram að þótt stefndi hafi ekki fengið öll gögn er hann sendi yfirmatsmönnum þá byggi stefndi ekki á því að það hefði átt að halda annan matsfund, heldur á því að hann hafi misst af því að gera athugasemdir, væntanlega í tölvupósti. Lög gera ekki ráð fyrir slíkum samskiptum.

Þá tekur stefnandi fram í stefnu að gefi stefndi „út þá málsástæðu að um sé að ræða gagn sem eigi að virða að vettugi [kunni] að vera að stefnandi muni samþykkja þá málsástæðu, hvað sem líði réttmæti hennar, þannig að nýtt yfirmat geti farið fram. Telur stefnandi mikilsvert að mál verði metið að nýju. Einkum í því ljósi að þróun einkenna hafi orðið önnur og verri en spáð var og séu sífellt að koma betur í ljós. Hyggst stefnandi sanna kröfur þessar með matsgerð í hvaða formi sem það kann að vera gert.“

Einnig byggir stefnandi á því að matsgerð I frá 8. september 2020 styðji það, að stefnandi hafi orðið fyrir verulegu tjóni og eigi það einnig að leiða til þess að yfirmatsgerðin verði lögð til grundvallar í málinu.

Í annan stað er ágreiningur um viðmiðunarlaun samkvæmt 7. gr. skaðabótalaga. Á viðmiðunarárum samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga hafi kreppan bitið með fullum þunga á stefnanda enda starfsvið hans tengt þeim greinum sem hún herjaði helst á. Hafi hún verið í algleymingi á þessum árum í framhaldi af efnahagshruninu seinni part árs 2008. Stefnandi og hagkerfið hafi að töluverðu leyti verið búið að rétta úr kútnum á árinu 2013 og hjól efnahagslífsins verið farin að snúast hraðar. Aukning hafi verið í fólksflutningum, og hvers konar byggingariðnaði og verktakastarfsemi. Á því ári hafi stefnandi lent í slysinu. Aðstæður á árinu 2013 gefi því betri mynd af væntanlegum framtíðartekjum stefnanda en tekjur árána á undan. Hafa verði í huga að stefnandi hafi verið á uppleið í tekjum sínum þegar slysið átti sér stað.

Á því sé byggt að raunhæfasta viðmiðunin fyrir framtíðartekjur stefnanda séu meðaltekjur verkamanna á árinu 2013 sem séu 447.000 á mánuði og margfaldað með 12 geri það 5.364.000 á ári en að viðbættu 8% framlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð geri það 5.793.120 kr. Þessi fjárhæð sé lækkuð um 25% en það nemi fyrri metinni örorku stefnanda. Geri þetta 4.344.840 kr. Ekki sé deilt um að stuðullinn samkvæmt 6. gr. skaðabótalaga reiknist 7.143. Samkvæmt þessu sé örorka stefnanda 20% x 7,143 x 4.344.840 = 6.207.038 kr. Inn á varanlega örorku hafi stefndi greitt 1.066.807 kr. + 1.493.529 kr. Standa þá eftir 6.207.038-1.066.807-1.493.529=3.646.702 kr.

Verði ekki fallist á að nota meðaltekjur verkamanna sé á því byggt að tekjur á slysinu 2013 séu þá réttmætasti mælikvarðinn sem fundinn verði á framtíðartekjur stefnanda. Samkvæmt skattframtali hafi þær verið 3.521.997 kr. Að viðbættum 8% í lífeyrissjóðsframlagi atvinnurekanda fáiist 3.803.757 kr. Kemur sú tala þá inn í formúluna

í stað 4.344.840 sem myndi gera 5.434.047 kr. Frá þeirri fjárhæð dregst það sem áður var greitt, skv. framansögðu.

Séu viðmiðunarlaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga notuð, það er krafa stefnanda miðað við sömu útreikningsaðferðir, verði niðurstaðan þessi: $1.706.892 \text{ kr. } (20\% \times 7,143 \times 2.987.000 = 4.267.228 - 1.066.807 - 1.493.529)$.

Varðandi fyrningu þá byggir stefnandi á því að fyrningarfrestur hafi ekki byrjað að líða á slysári og telji stefnandi það sannað meðal annars með matsgerð I sem taldi tímabært að meta örorku stefnanda í árslok 2015.

Viðbótarvaxtakrafa stefnanda miðast við það að stefndi hefði átt að gera upp samkvæmt undirmati í síðasta lagi 18. ágúst 2016, en þá hafi verið liðinn mánuður frá því stefndi hafi getað áttað sig á kröfunni í skilningi 9. gr. 1. nr. 38/2001. Þess í stað reiknaði stefndi 4,5% vexti á fjárhæðina allan tímann þar til greiðsla fór fram 30. apríl 2019. Er sú greiðsla, 141.055 kr., dregin frá umstefndum vöxtum. Þá hélt stefndi að sér höndum með að greiða samkvæmt undirmati í næstum þrjú ár. Ber honum að greiða dráttarvexti, sbr. m.a. 9. gr. 1. nr. 38/2001.

III

Stefndi byggir í fyrsta lagi á því að krafa stefnanda um frekari bætur en þegar hafa verið greiddar sé fyrnd samkvæmt 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og beri að sýkna stefnda af þeim sökum. Reglan kveði á um það að krafa um skaðabætur fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Stefndi vísar til þess að stöðugleikapunktur hafi verið metinn 6. október 2013, sá sami hjá öllum sem hafa lagt mat á afleiðingar slyssins samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga. Sé það hinn hlutlægi mælikvarði samkvæmt dómaframkvæmd sem beri að beita um það hvenær tjónþoli mátti fyrst gera sér grein fyrir kröfu sinni. Sá tímapunktur sé óumdeildur og hófst fjögurra ára fyrningarfrestur samkvæmt dómaframkvæmd því í árslok 2013 og hafi þannig verið liðinn við árslok 2017. Krafa stefnanda sé því fyrnd og beri því að sýkna stefnda.

Í annan stað byggir stefndi kröfu um sýknu á því að engu óbættu tjóni sé til að dreifa. Í málinu liggi fyrir þrjár matsgerðir um afleiðingar umferðarslyssins samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga. Fullnaðaruppgjör aðila, dags. 3. febrúar 2015, hafi byggt á matsgerð B bæklunarlæknis og C lögfræðings. Fullnaðaruppgjör hafi verið áritað með fyrirvara af hálfu stefnanda um að afla nýs mats og láta uppgjör alfarið fara fram á grundvelli hennar. Þeirrar matsgerðar hafi verið aflað og að beiðni stefnanda. Stefndi hafi hins vegar kosið að láta endurskoða undirmatið og afla yfirmatsgerðar og beri samkvæmt meginreglu og margstaðfestri dómaframkvæmd áhættu og kostnað af því að sú yfirmatsgerð myndi nýtast sem gilt sönnunargagn. Stefndi hafnar því að yfirmatsgerðin teljist tækt sönnunargagn og telur að hún verði ekki lögð til grundvallar

vegna alvarlegs ágalla í matsferlinu. Felst það einkum í því að stefndi hafi ekki fengið öll gögn matsmálsins og því ekki fengið raunverulegt tækifæri til þess að gæta hagsmuna sinna. Sá galli leiði til þess að ekki verði byggt á gagninu. Hafi stefndi því greitt stefnanda skaðabætur á grundvelli undirmatsgerðar þeirra D og E.

Stefndi bendir á að stefnandi telur sjálfur ekki tækt að styðjast við yfirmatsgerðina og telur þörf á því að gera alls kyns viðbótarkröfur í stefnu máls þessa sem ekki byggja á neinum gögnum og vísar til þess að hann muni ekki mótmæla málalíbúnaði stefnda um galla á yfirmatsgerðinni. Það virðist því vera óumdeilt að ekki verði byggt á yfirmatsgerðinni, sem tæku sönnunargagni um afleiðingar umferðarslyssins. Um sé að ræða bindandi málflutningsyfirlýsingu af hálfu stefnanda, sbr. ákvæði 45. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefndi hafnar því að ágallinn leiði til þess að stefnanda sé tækt að afla nýrrar yfirmatsgerðar undir rekstri máls þessa. Ágallinn leiði að mati stefnda til þess að undirmatsgerð hafi ekki verið hnekkt sem eina tæka sönnunargagninu um afleiðingar umferðarslyssins.

Stefndi telur varanlega örorku stefnanda síst vanmetna í matsgerð dómkvaddra matsmanna dags. 6. júlí 2016 og telur skerta starfsorku stefnanda eiga sér fleiri samverkandi orsakir þar sem umferðarslysið 6. júlí 2013 eigi aðeins lítinn hlut að máli. Af gögnum málsins sé ljóst að stefnandi lenti í umferðarslysum á árunum 2001 og 2002 þar sem afleiðingar þeirra voru metnar samtals til 35 stiga miska og 25% varanlegrar örorku og við það mat hafi meðal annars verið tekið tillit til skerðingar á álagspoli og getu til líkamlegra starfa. Þá beri atvinnusaga stefnanda þess merki að stefnandi hafi áður átt erfitt með að finna vinnu við hæfi. Uppgjör á tjóni stefnanda hafi farið fram á grundvelli meginreglna skaðabótalaga og telur stefndi að stefnandi hafi fengið tjón sitt að fullu bætt.

Af ofangreindu leiði að dómkvöddu mati D og E, hafi ekki verið hnekkt með yfirmatsgerðinni og standi hún því óhöggud. Greiðsla stefnda 30. apríl 2019 byggði á því mati. Stefndi telur þess vegna að bótakrafa stefnanda sé uppgærd og fullgreidd. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Í þriðja lagi hafnar stefndi því að stefnandi geti átt frekari bótakröfu á þeim grundvelli að árslaunaviðmið í fullnaðaruppgjöri hafi átt að vera hærra með vísan til 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Stefndi hafnar því að skilyrði séu til þess að vikið sé frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem leiðir til þess að stuðst sé við framreiknuð lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins. Vísar stefndi til þess að tekjur stefnanda þremur árum fyrir slyshafi verið langt undir lágmarksviðmiði skaðabótalaga og beri því að miða við framreiknað viðmið skaðabótalaga um lágmarkstekjur.

Stefndi geti ekki fallist á þau rök stefnanda að með vísan til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 sé réttara að miða við meðaltekjur verkakarla á árinu 2013 við útreikning á tjóni hans vegna varanlegrar örorku hans. Svo unnt sé að víkja frá meginreglu 1. mgr. 7. gr.

skaðabótalaga og beita undantekningarákvæði 2. mgr. 7. gr. sömu laga þarf stefnandi að sýna fram á að annars vegar séu fyrir hendi óvenjulegar aðstæður í skilningi ákvæðisins og hins vegar að annar mælikvarði sé réttari til að meta hverjar líklegar framtíðartekjur stefnanda hefðu orðið. Stefnandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrði laganna séu uppfyllt, en þeirri byrði hefur stefnandi ekki risið undir að mati stefnda.

Stefndi vísar til þess að gert sé ráð fyrir því í lögskýringargögnum með ákvæðinu að undantekningarheimild 2. mgr. 7. gr. laganna sé meðal annars lögð til grundvallar útreikningi á varanlegri örorku þegar um sé að ræða tjónþola sem taki ákvörðun um að vera í hlutastarfi tímabundið vegna óvenjulegra aðstæðna m.a. til að geta sinnt ungum börnum sínum og heimilisstörfum. Undanþáguheimildin á þannig við þegar tjónþolar kjósa af tímabundnum ástæðum, t.a.m. vegna náms eða barneigna og ungs aldurs barna, að ráða sig í hlutastarf, en öðrum tíma sé varið í að sinna uppeldi barna og heimilisstörfum. Undanþáguheimildin byggir á jafnréttissjónarmiðum, en önnur tilvik sem upptalin séu í lögskýringargögnum séu bundin við tímabundnar aðstæður í lífi tjónþola sem leiði til þess að árslaun verði metin með óvenjulegum hætti, t.d. þegar um sé að ræða atvinnuleysi og töku fæðingarorlofs. Aðstæður í lífi stefnanda hafi hins vegar hvorki verið óvenjulegar né tímabundnar á viðmiðunartímabilinu. Í málinu liggja fyrir skattframtöl stefnanda frá árinu 2009 fram til ársins 2017. Stefndi telur að ekki verði ráðið af skattframtölum stefnanda að umferðarslysið hafi haft afgerandi áhrif á atvinnuþátttöku hans eða tekjur. Af gögnunum megi hins vegar ráða að atvinnuþátttaka stefnanda hafi verið stopul síðustu ár, bæði fyrir og eftir umferðarslysið. Það eitt að stefnandi sé á uppleið í tekjum sínum þegar slysið hafi átt sér stað sé ekki nægilegt til þess að óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi.

Stefndi telji að hvorki verði ráðið af lögskýringargögnum með 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 né af dómaframkvæmd að aðstæður í þjóðfélaginu, svo sem afleiðingar efnahagshruns, geti talist til óvenjulegra aðstæðna í skilningi ákvæðisins, enda varða þær tjónþola ekki sérstaklega en stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn sem benda til þess að efnahagshrunið hafi haft áhrif á atvinnuþátttöku hans umfram aðra.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefndu sé gerð varakrafa um lækkingu bóta og er vísað til umfjöllunar um aðalkröfu eftir því sem við eigi. Þá ítrekar stefndi að óumdeilt sé að yfirmatsgerð verði ekki lögð til grundvallar. Er því krafa stefnanda að öllu leyti ósönnuð.

Stefndi hafnar kröfu stefnanda um greiðslu dráttarvaxta og telur kröfu stefnanda fyrnda. Vísast til framangreindrar umfjöllunar varðandi fyrningu kröfunnar, sbr. 24. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Þá sé því mótmælt með vísan til 9. gr. laga nr. 38/2001 að krafa stefnanda skuli bera dráttarvexti eins og í stefnu greinir, enda sé stefnanda ótækt að krefjast dráttarvaxta fyrr en í fyrsta lagi mánuði eftir að hann lagði fram þær upplýsingar sem þörf er á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta og stefnda var

unnt að taka afstöðu til þeirra. Byggist sú aðstaða á lokaorðum 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Eins og hér standi á hníga öll rök að því að miða upphafstíma dráttarvaxta við dómsuppsögudag, teljist stefnandi eiga kröfu yfirhöfuð.

IV

1

Ágreiningslaust er að stefndi ber bótaskyldu í málinu en hann greiddi stefnanda skaðabætur hinn 3. febrúar 2015. Byggðist útreikningur þeirra bóta á matsgerð þeirra B læknis og C lögmanns frá 11. september 2014, þar sem miski stefnanda vegna umferðarslyssins var metinn 15 stig og varanleg örorka hans metin 5%. Þá var stöðugleikapunkturinn talinn vera 6. október 2013.

Í málinu liggja fyrir tvær matsgerðir þar sem matsmenn hafa verið dómkvaddir til að meta varanlegan miska og varanlega örorku stefnanda og hvenær stöðugleikapunkturinn hafi verið. Annars vegar er það matsgerð þeirra D læknis og E lögmanns frá 6. júlí 2016 er mátu stöðugleikapunkturinn 6. október 2013, varanlegan miska 15% og varanlega örorku 12%. Stefndi greiddi stefnanda viðbótarbætur á grundvelli þessarar matsgerðar hinn 30. apríl 2019. Hins vegar er það yfirmatsgerð læknanna F og G og H lögmanns og er hún frá 26. apríl 2018. Þeir komust einnig að þeirri niðurstöðu að stöðugleikapunkturinn væri 6. október 2013 og varanlegur miski væri 15%. Hins vegar töldu þeir varanlega örorku stefnanda vera 20%. Í málinu gerir stefnandi þá kröfu að bætur vegna varanlegrar örorku verði miðaðar við 20% örorku.

Stefndi byggir á því að annmarkar séu á yfirmatsgerðinni og sé hún því ekki tækt sönnunargagn um óbætt tjón stefnanda. Yfirmatsgerðin sé haldin galla sem felist í því að stefndi hafi ekki fengið öll þau gögn er stefnandi sendi yfirmatsmönnum. Sérstaklega bendir stefndi á tilgreind læknisvottorð nafngreinds læknis vegna umsóknar um örorku hjá lífeyrissjóði, mót annars læknis fyrir lífeyrissjóð, skýrslu sjúkraþjálfara og ýmis gögn varðandi umsóknir og afgreiðslu örorkulífeyris hjá Tryggingastofnun og lífeyrissjóði og fleira. Stefndi byggir á því að þar sem hann hafi ekki fengið gögnin hafi hann ekki haft tök á því að koma athugasemdum sínum við þau á framfæri við matsmenn. Vegna þessa annmarka telur stefndi að yfirmatsgerðin sé ekki tækt sönnunargagn um óbætt tjón stefnanda og verði því ekki lögð til grundvallar frekari greiðslu.

Allir yfirmatsmenn staðfestu matsgerð sína fyrir dómi og aðspurðir tóku þeir allir fram að tilgreind gögn hefðu ekki haft nein áhrif á niðurstöðu matsins. Matið hafi verið grundvallað á frumgögnum sem til voru um slysið. Í framburði H lögmanns kom einnig fram, að 4. apríl 2018 hafi hann sent tölvupóst á alla aðila, meðal annars matsaðila, þar sem hann hafi vakið athygli á misræmi á yfirliti gagna í matsbeiðni og gögnum matsmálsins sem matsmenn höfðu undir höndum. Hann hafi einnig tekið fram að talsvert væri af nýjum gögnum sem matsmenn hefðu fengið sent. Í kjölfarið hefði stefndi sent

matsmönnum frekari gögn. Þótt tölvuskeyti þetta liggi ekki fyrir í málinu þykir ekki varhugavert að leggja framburð vitnisins til grundvallar um að stefndi hafi vitað eða a.m.k. mátt vita um tilvist þeirra gagna hjá matsmönnum, sem um ræðir, áður en matsgerðin var kláruð. Þá tók vitnið fram, að tilvitnuð gögn stefnda, sem hann taldi sig ekki hafa fengið að tjá sig um, hafi ekki verið þess eðlis að rétt hefði verið að boða til matsfundar og taldi gögnin ekki skipta máli fyrir niðurstöðu matsins.

Öll þau gögn, sem stefndi taldi sig ekki hafa fengið upplýsingar um áður en yfirmatsgerð lá fyrir, eru frá desember 2016 og árinu 2017. Í matsgerð I sem dómkvaddur var til að meta hvenær tímabært hafi verið að meta örorku stefnanda, sbr. hér síðar undir lið 3, kemur fram að hann taldi það tímamark hafa verið í árslok 2015. Rennir þessi matsgerð einnig stoðum undir það, að gögn þau er stefndi byggir kröfu sína um galla á yfirmatsgerðinni á hafi ekki þýðingu svo sem yfirmatsmenn báru fyrir dómi.

Yfirmatsgerðin er almennt ítarleg um matsefnið og ályktanir vel rökstuddar varðandi ágreiningsefni málsins og verður hún því lögð til grundvallar um að stefnandi eigi rétt til bóta er miði við 20% varanlegrar örorku.

2

Stefndi byggir á því lögmaður stefnanda hafi gefið bindandi málflutningsyfirlýsingu um að yfirmatsgerðin verði ekki lögð til grundvallar í málinu.

Stefndi telur, að stefnandi sjálfur telji ekki tækt að styðjast við yfirmatsgerðina þar sem hann hafi talið þörf á því að gera „alls kyns“ viðbótarkröfur í stefnu máls, sem ekki byggja á neinum gögnum, auk þess sem hann vísi til þess að hann muni ekki mótmæla málalíbúnaði stefnda um galla á yfirmatsgerðinni. Stefndi telji það því vera óumdeilt að ekki verði byggt á yfirmatsgerðinni, sem tæku sönnunargagni um afleiðingar umferðarslyssins. Um sé að ræða bindandi málflutningsyfirlýsingu af hálfu stefnanda, sbr. ákvæði 45. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Dómurinn telur að málsástæða þessi sé ekki svo skýr sem skyldi, sem og að grundvöllur málsins sé ekki skýr. Helgast það meðal annars af því að stefnandi gerði alls fimm dómkröfur í stefnu. Stefnandi féll frá þremur þeirra eftir að stefndi hafði sett fram frávísunarkröfu og féll stefndi þá frá frávísunarkröfu sinni.

Gögn málsins bera það með sér að stefnandi hefði kosið að varanleg örorka og varanlegur miski hefði verið metinn hærrí í yfirmatinu, en raun varð á. Á þeim forsendum hefði stefnandi viljað fá nýtt yfirmat og þess vegna hefði hann ekki mótmælt ætluðum galla á yfirmatsgerðinni. Af þessu varð ekki. Ekki er fallist á að þessar hugrenningar stefnanda feli í sér málflutningsyfirlýsingu. Stefnandi byggir á yfirmatsgerðinni og hér að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að hún sé ekki haldin ágalla. Dómurinn fellst því ekki á að stefndi hafi gefi þá málflutningsyfirlýsingu að hann myndi ekki byggja á yfirmatsgerðinni.

Samkvæmt 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 fyrnast allar bótakröfur á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar.

Stefndi byggir á því að miða eigi við stöðugleikapunkt en í öllum tilvitnuðum matsgerðum er hann talinn vera 6. október 2013. Fresturinn hafi því byrjað að líða um áramótin 2013/2014 og hafi hann verið liðinn í árslok 2017. Því sé krafa stefnanda fyrnd.

Fallist er á að stöðugleikapunkturinn eða hinn hlutlægi tímapunktur hafi verið 6. október 2013. Hins vegar var ekki í fyrri matsgerðum lögð fyrir sú matsspurning, hvenær stefnandi hefði mátt gera sér ljóst að ekki væri að vænta frekari bara. Undir rekstri málsins lagði stefnandi fram matsbeiðni þar sem óskað var eftir dómkvaðningu matmanns til að svara matsspurningum um hvenær tímabært hefði verið að meta örorku stefnanda sem og hvenær stefnanda hefði mátt vera ljóst að ekki væri að vænta frekari bata. Samkvæmt matsgerðinni var tímabært að meta örorkuna á árinu 2015 og stefnanda mátti vera það ljóst um áramótin 2015/2016 að ekki væri að vænta frekari bara. Matsgerð þessari hefur ekki verið hnekkt og verður hún því lögð til grundvallar hvað þetta atriði varðar. Krafan var því fyrnd um áramótin 2019/2020. Stefna málsins er dagsett 30. desember 2019. Stefndi skrifaði uppá stefnuna og fékk afrit hennar. Uppáskriftin ber hins vegar ekki með sér hvenær það hafi verið gert. Ekki er byggt á því að það hafi verið eftir áramótin 2019/2020 og er því lagt til grundvallar að stefnan hafi verið birt í tæka tíð og sé krafan því ekki fyrnd.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga skal við ákvörðun skaðabóta vegna varanlegrar örorku að meginreglu leggja til grundvallar meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir slysdag og skulu þær fjárhæðir framreiknaðar til samræmis við breytingar á launavísitölu til þess tíma sem heilsufar tjónþola verður stöðugt. Hvorki skal þó reikna bæturnar út með tilliti til lægri atvinnutekna en greindar eru í 3. mgr. þessarar lagagreinar né hærri tekna en segir í 4. mgr. hennar. Frá framangreindri reglu 1. mgr. 7. gr. er gerð undantekning í 2. mgr. 7. gr., þar sem mælt er svo fyrir að árslaun skuli meta sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Samkvæmt dómaframkvæmd ber tjónþoli, sem reisir kröfu um bætur á síðastnefndu lagaákvæði, sönnunarbyrði fyrir því að skilyrðum þess sé fullnægt.

Dómkrafan byggir aðallega á því að miða við meðaltekjur verkamanna á árinu 2013. Verði ekki fallist á það eigi að miða við laun stefnanda á árinu 2013. Ekki er ágreiningur um fjárhæðir eða útreikningsaðferðir. Stefnandi telur að þessar viðmiðanir sýni tekjuöflunargetu stefnanda miðað við fullt starf og því beri að leggja til grundvallar,

aðallega meðallaun verkakarla og til vara laun stefnanda árið 2013. Einnig byggir hann á því að uppfyllt séu skilyrði til að ákveða honum skaðabætur vegna varanlegrar örorku eftir framangreindri reglu 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.

Séu raunverulegar tekjur stefnanda reiknaðar samkvæmt aðferðafræði 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þá eru þær lægri en lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. ákvæðisins, en stefndi hefur þegar greitt honum bætur í samræmi við 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Tilgangur með setningu 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga var að ná til aðila sem höfðu lágar tekjur þannig að þeim væru tryggðar lágmarksbætur sem væru ákveðnar á hlutlægan hátt.

Þegar metið er hvort aðstæður stefnanda hafi verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga verður að líta til þess að stefnandi var 53 ára á slysdegi. Hann lauk grunnskólaprófi og var síðan einn vetur við nám í bændaskóla. Hann hefur vinnuvélaréttindi, meirapróf og rútuþróf. Þá lauk hann málmsuðunámi. Þá hefur hann 12 metra skipstjórnarréttindi sem atvinnumaður og lauk 750 kílówatta vélstjórnarnámi í Tækniskólanum. Stefnandi hefur verið við störf bæði á sjó og landi en þó mest á landi við stjórn vinnuvéla og við akstur. Á árunum 2009 til 2012 er meginuppistaða í tekjum stefnanda atvinnuleysisbætur. Á árinu 2013 var stefnandi með vinnu og þáði ekki bótagreiðslur. Stefnandi hefur bent á, að það sé bankahruninu að kenna að tekjur stefnanda voru svo lágar sem raun ber vitni fyrir árið 2013. Þótt það geti verið skýringin þá fellur það ekki undir það skilyrði að aðstæður stefnanda hafi verið óvenjulegar með því að bankahrunið hafði almenn áhrif og atvinnuleysið var ekki bara bundið við stefnanda. Hvorki er því fallist á að miða eigi við meðallaun verkamanna né tekjur vegna ársins 2013. Telur dómurinn að skilyrði um að aðstæður hafi verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé ekki fullnægt.

Hitt skilyrðið samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga er að stefnandi sýni fram á að ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur stefnanda en laun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Eins og mál þetta liggur fyrir getur dómurinn ekki fallist á að miða við annað en laun skv. 3. mgr. 7. gr. Fyrir liggur í málinu að stefnandi þáði félagslega aðstoð og atvinnuleysisbætur á árunum 2014 og 2015. Þá var árið 2016 síðasta árið sem stefnandi var í vinnu. Stefnandi hefur því ekki sýnt fram á að annar mælikvarði en lágmarkslaun 3. mgr. 7. gr. sé réttari.

Með vísan til þess sem að framan greinir hefur stefnanda ekki tekist að sýna fram á að skilyrðum 2. mgr. 7. gr. sé fullnægt, það er að óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi hjá honum og að ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur hans en laun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.

Um viðmiðunarlaun stefnanda ber því að fara samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga eins og miðað var við í bótauppgjöri því er fram fór 30. apríl 2019. Ágreiningslaust er að varanleg viðbótarörorka stefnanda samkvæmt yfirmatsgerðinni,

það er 8%, reiknuð samkvæmt reiknireglum 6. og 7. gr. skaðabótalaga geri 1.706.892 kr. og ber stefnda því að greiða stefnanda þá fjárhæð.

5

Seinni dómkrafa stefnanda er eftirfarandi: „Þess er einnig krafist að stefndi greiði stefnanda 4,5% vexti af 1.493.529 kr. frá 6. október 2013 upphafsdags dráttarvaxta, skv. 1. mgr. 6. gr. 1. nr. 38/2001. Þess er krafist aðallega að þeir reiknist frá 18. ágúst 2016, en til vara frá síðara tímamarki til greiðsludags. Allt að frádregnum 141.055 kr.“

Að mati dómsins skortir verulega á skýrleika kröfu þessarar. Málsástæður þær sem tilgreindar eru í stefnu og krafan byggir á, veita henni hvorki stuðning né skýra hana á fullnægjandi hátt. Þá verður ekki betur séð en frádráttarliður að fjárhæð 141.055 kr. séu dráttarvextir er stefnandi fékk greidda samkvæmt uppgjöri 30. apríl 2019. Þá virðist stefnandi draga frá 4.5% vöxtunum er hann krefur um, en getur í engu þeirra vaxta sem stefndi sannanlega greiddi í uppgjöri sínu.

Með vísan til þess sem að framan greinir verður kröfulið þessum vísað frá dómi án kröfu, samanber d- og e- lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

6

Með vísan til þess sem að framan greinir ber stefnda að greiða stefnanda 1.706.892 kr. með 4,5% vöxtum frá 6. október 2013 til 10. júní 2018 og dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi og til greiðsludags.

Málkostnaður fellur niður.

Stefnandi hefur gjafsóknarleyfi. Allur kostnaður málsins greiðist því úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, svo sem greinir í dómsorði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni héraðsdómara og Halldóri Baldurssyni bæklunarlækni.

Dómsorð:

Stefndi, Vörður tryggingar hf., greiði stefnanda, A, 1.706.892 kr. með 4,5% vöxtum frá 6. október 2013 til 10. júní 2018 og dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi og til greiðsludags.

Seinni dómkröfu stefnanda er vísað frá dómi, án kröfu.

Málkostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, Einars Gauts Steingrímssonar, 1.400.000 kr.

Sigrún Guðmundsdóttir
Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Halldór Baldursson